

L ö g40
19. júní.

um

atvinnu við siglingar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi af Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 19. gr. í lögum 19. júní 1922, um breytingar á lögum nr. 42, 3. nóv. 1915, um atvinnu við siglingar, höfum látið semja texta nefndra laga 3. nóv. 1915 með þeim breytingum, sem ræðir um í tjeðum lögum 19. júní 1922, og gefum hann hjermeð út sem lög um atvinnu við siglingar.

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

I. KAFLI.

Um rjett til formensku á skipum 6—12 rúmlestir.

2. gr.

Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 rúmlesta að stærð, hefir sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi um það:

- a. að hann þekki á áttavita;
- b. að han þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt, samkvæmt reglum, er stjórnnarráðið setur.

Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 rúmlestir að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

II. KAFLI.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á skipum alt að 60 rúmlestir.

3. gr.

Rjett til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, ef að skipið er yfir 12 rúmlestir en ekki yfir 60 rúmlestir, að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á smáskipum.

19. júní.

4. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini fyrir smáskip, er:

- a. staðist hefir smáskipapróf eða önnur æðri íslensk siglingapróf,
- b. hefir verið stýrimaður minnst 8 mánuði á skipi eigi undir 12 rúmlestir,
- c. er fullveðja,
- d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

5. gr.

Rjett til að vera stýrimaður á íslensku skipi alt að 60 rúmlesta í innanlandssiglingum hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á smáskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á smáskipi, er:

- a. staðist hefir smáskipapróf eða önnur æðri íslensk siglingapróf,
- b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
- c. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

7. gr.

Sá einn getur staðist smáskipapróf, er:

- a. kann að marka stað skips á sjávaruppdrátt og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð,
- b. kann að nota kompás og ber skyn á segulskekkju og misvísan,
- c. kann að nota skriðmæli og vegmæli,
- d. þekkir björgunartækin, hin alþjóðlegu neyðarmerki og alþjóðareglur til að forðast ásigling.
- e. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.
- f. ritar íslensku stórlýtalaust,
- g. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur að minsta kosti 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúmlestir, eða verið formaður á vjelbát ekki minni en 10 rúmlestir í 24 mánuði.

8. gr.

Eftir að 2 ár eru liðin frá því að lög þessi öðlast gildi, skal próf það, er um getur í 7. gr., fara að eins fram í Reykjavík. Þangað til skulu prófin haldin í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Í Reykjavík eru prófdómendur þeir sömu og við stýrimannaskólaprófin, og skal forstöðumaður skólans vera formaður prófnefndarinnar. Próf

Þetta skal halda tvisvar á ári, í apríl—maí á vorin og nóvember—janúar að vetri. Í hinum kaupstöðunum, sem ofan eru greindir, skulu prófdómendur vera 3 skipstjórar, og skal stjórnarráðið skipa formann prófnefndarinnar eftir tillögum fostöðumanns og kennara stýrimannaskólans í Reykjavík, en hina tvo eftir tillögu lögreglustjóra; próf þessi skulu haldin einu sinni á ári, á þeim tímum árs, sem stjórnarráðið ákveður eftir tillögum bæjarstjórnar.

Stjórnarráðið semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Hver sá, er staðist hefir prófið, fær vottorð um það þegar að afloknu prófi.

Kostnaður við prófið greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku í utan- og innanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og rjett til skipstjórnar og stýrimensku á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum eigi yfir 300 rúmlestir.

9. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 rúmlesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem :

- a. staðist hefir fiskimannapróf eða farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefir verið stýrimaður í 18 mánuði á fiskiskipi, sem er stærra en 60 rúmlestir, eða verið skipstjóri (formaður) á skipi yfir 20 rúmlestir, og af þeim tíma minst 12 mánuði stýrimaður á gufuskipi, ef um gufuskip er að ræða;
- c. er fullveðja;
- d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningssáliti;
- e. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

11. gr.

Rjett til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum eigi yfir 300 rúmlesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi, er:

- a. hefir staðist fiskimannapróf eða farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefir verið háseti minst 36 mánuði eftir 16 ára aldur, og af þeim tíma annaðhvort 18 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúmlestir eða 12 mánuði skipstjóri á skipi stærra en 20 rúmlestir og 6 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúmlestir;
- c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- d. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;

IV. KAFLI.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á verslunarskipum yfir 300 rúmlesta, í utanlandssiglingum.

13. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 rúmlesta, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 15. grein.

14. gr.

Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er:

- a. er fullveðja;
- b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
- c. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
- d. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- e. hefir verið stýrimaður eigi skemur en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi skemur en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

15. gr.

40

19. júní

Sá, er öðlast hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, og auk þess sannar með vottorði, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

16. gr.

Rjett til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 rúmlesta, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 15. grein.

17. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum, er:

- a. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
- b. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
- c. hefir staðist farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- d. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur minst 36 mánuði; af þeim tíma annaðhvort 18 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi í utanlandssiglingum eða 12 mánuði fullgildur háseti á fiskveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

Fullgildur háseti telst sá, er fær vottorð skipstjóra um að hann kunnir til allra algengra verka á skipi.

V. KAFLI.

Ákvæði ýmislegs efnis.

18. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 rúmlesta, má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa að minsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 rúmlesta, skulu stýrimenn vera minst tveir.

19. júní.

19. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru hjer að framan, í 7., 10., 14. og 17. gr., eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem þar eru talin. Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 10 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr., og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og getur hann þá sent Stjórnarráði Íslands kæru sína, sem gerir út um málið, en þó hefir kærandi óskertan rjett til að leita dómsúrskurðar.

20. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi, skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 7., 10., 14. og 17. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári; svo skal þar og vera stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hvenær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástaðu hann fór af skipinu; svo skal þar og skýrt frá hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli skrásetningarstjóra, í hvert skifti sem skipverji er skráður af skipi, og skal hún þá afhent skipverjanum.

21. gr.

Nú er maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, dæmdur fyrir eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almenningssáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

22. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi í innanlandssiglingum, eða formaður á vjelabát, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýrimansprófs, að því er skipstjóra og stýrimenn snertir, eða vottorðs, að því er snertir vjelabátaformenn, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu skipstjórar og stýrimenn sanna, að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skipstjóra- eða stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum; heldur eigi til þeirra, sem fengið hafa skipstjóra- eða stýrimanns-skírteini á fiskiskipi áður en lög þessi öðlast gildi. 40
19. júní.

23. gr.

Þeir, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50, 10. nóv. 1905, eða samkv. 4. gr. laga nr. 42, 3. nóv. 1915, eiga kost á að fá skipstjóraskírteini fyrir smáskip eftir lögum þessum, ef þeir fullnægja liðunum c.—e. í 4. gr. og leggja fram vottorð um, að þeir hafi verið skipstjórar minnst 1 ár á 12—30 rúmlesta skipi og farist skipstjórn vel úr hendi að öllu leyti, og skulu vottorðsgefendur mælast til þess, að hið umbeðna skírteini verði veitt. Skal vottorð þetta gefið af útgerðarmanni (eiganda) skips þess eða skipa þeirra, sem skipstjórinn hefir stjórnað.

Nú fær skipstjórinn eigi ótvíræð meðmæli, og skal þá skírteinið eigi veitt. Heldur skipstjórinn þá sömu rjettindum og hann áður hafði, en rjett hefir hann þó til að fá stýrimannsskírteini samkvæmt 6. gr. í lögum þessum, enda fullnægi hann b- og c-liðum í þeirri grein.

24. gr.

Hvarvetna í lögum þesum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttóstærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

25. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað, geta sektirnar hækkað alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1923.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.